

148. gr.

Bæjarstjórn skal ávallt leita umsagnar heilbrigðisnefndar um ráðstafanir varðandi heilbrigðismál.

90

24. júní

149. gr.

Brot á samþykkt þessari eða óhlýðni við löglegar fyrirskipanir heilbrigðisnefndar varða sektum til bæjarsjóðs, allt að 1000 kr., ásamt vísitöluálagi lögum samkvæmt.

Nú vanrækir maður að vinna verk, er heilbrigðisnefnd hefur löglega fyrirskipað, eða verk er ekki unnið á viðunandi hátt, og er þá nefndinni heimilt að láta vinna það, sem þarf, á kostnað aðilja, og innheimta kostnaðinn með lögtaki, ef þörf gerist.

150. gr.

Með mál, sem rísa út af brotum á samþykkt þessari, skal fara að hætti almennra lögreglumála.

151. gr.

Samþykkt þessi öðlast gildi jafnskjótt og hún hefur verið staðfest og birt í stjórnartíðindum. Fellur þá úr gildi heilbrigðissamþykkt fyrir Ísafjarðarkaupstað nr. 53 5. maí 1906.

Þetta birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 24. júní 1954.*

F. h. r.  
Baldur Möller.

*Emil Ágústsson.*

## AUGLÝSING

um niðurfærslu aðflutningsgjalda og tollflokkun nokkurra vara.

91

24. júní

Ráðuneytið hefur með heimild í athugasemdarákvæðum við nr. 11 í 39. A kafla tollskrár ákveðið að færa niður aðflutningsgjöld af eftirgreindum vörum þannig, að gjöldin af þeim verði eins og að neðan greinir og að þær flokkist þannig:

Tollskrá		Toll- eining	Vöru- magns- tollur	Verð- tollur
Kafli	Nr.		Aurar	%
39 A	6a	Vatnsleiðslupípur úr plasti .....	1 kg.	7 10
	11b	Netjakúlur úr plasti .....	—	1 2
	11c	Nótaflotholt úr plasti .....	—	2 2

Ofangreind aðflutningsgjöld skulu innheimt með viðauka samkvæmt lögum, sbr. lög nr. 76/1953, um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 62/1939, um tollskrá o. fl.

Þá leggur ráðuneytið svo fyrir, að vörur þær, sem teljast til nr. 6a í 34. kafla tollskrár, skuli við tollskoðun og tollútreikning flokkaðar í annan hvorn eftirgreindan undirflokk (1 eða 2):

Tollskrá	
Kafli	Nr.
34	6a — aðrir (flugeldar og flugeldaefni):
	(1) — — „kínverjar“, „púðurkerlingar“ og aðrar sprengjur.
	(2) — — annað.

**91** Enn fremur leggur ráðuneytið svo fyrir, að bifreiðar þær, sem teljast til nr. 4 24. júní í 75. kafla tollskrár, skuli við tollskoðun og tollútreikning flokkaðar í einhvern eftirgreindan undirflokk (a, b, c eða d):

## Tollskrá

Kafli Nr.

- 75 4 — vöruflutningabifreiðar:
- (a) — — vörubifreiðagrindur án palls og stýrishúss.
  - (b) — — vörubifreiðagrindur með palli og stýrishúsi fyrir bifreiðarstjóra og farþega við hliðina á honum.
  - (c) — — sendiferðabifreiðar. Bifreiðar teljast því aðeins hér til, að aðeins sé sæti fyrir bifreiðarstjóra og farþega við hliðina á honum, að fyrir aftan þessi sæti sé aðeins vörurúm og að ekki séu gluggar eða rúður á bílnum fyrir aftan sæti bifreiðarstjóra.
  - (d) — — aðrar.

Með auglýsingu þessari falla úr gildi auglýsing nr. 207/1953 og auglýsing nr. 13/1954, um niðurfærslu aðflutningsgjalda.

*Fjármálaráðuneytið, 24. júní 1954.*

F. h. r.

**Sigtr. Klemenzson.**

*Sig. Áskelsson.*

**92**

28. júní

## AUGLÝSING

um kjötskoðun í Reykjavík.

Samkvæmt 11. grein laga nr. 5 22 febr. 1949, um kjötmat o. fl., skal, frá 1. júlí 1954, dýralæknisskoðun á öllu kjöti, sem skoða ber í Reykjavík, fara fram í húsa- kynnum Sláturfélags Suðurlands við Skúlagötu.

Gjald fyrir kjötskoðunina er ákveðið:

Fyrir hvern skrokk af stórgripum .....	kr. 25.00
Fyrir hvern svinsskrokk .....	— 25.00
Fyrir hvern kálfsskrokk .....	— 10.00

Í ofangreindu gjaldi er innifalið hið lögboðna mats- og skoðunargjald.

Brot gegn ákvæðum auglýsingar þessarar varða sektum samkvæmt ákvæðum 14. greinar nefndra laga.

*Landbúnaðarráðuneytið, 28. júní 1954.*

**Steingrímur Steinþórsson.**

*Árni G. Eylands.*